

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 153/2025

frá 13. júní 2025

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilmæli framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/397 frá 17. febrúar 2023 um viðmiðunarlýsigögn og gæðaskýrslur fyrir evrópska hagskýrslugerfið, sem skipta út tilmælum 2009/498/EB um viðmiðunarlýsigögn fyrir evrópska hagskýrslugerfið ⁽¹⁾.
- 2) Tilmæli (ESB) 2023/397 koma í staðinn fyrir tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2009/498/EB ⁽²⁾, sem hafa verið felld inn í EES-samninginn, og koma þau því í staðinn fyrir síðarnefndu tilmælin skv. EES-samningnum.
- 3) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 17d (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2009/498/EB) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„**32023 H 0397**: Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/397 frá 17. febrúar 2023 um viðmiðunarlýsigögn og gæðaskýrslur fyrir evrópska hagskýrslugerfið, sem skipta út tilmælum 2009/498/EB um viðmiðunarlýsigögn fyrir evrópska hagskýrslugerfið (Stjtið. ESB L 53, 21.2.2023, bls. 104).“

2. gr.

Texti tilmæla (ESB) 2023/397, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 53, 21.2.2023, bls. 104.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 168, 30.6.2009, bls. 50.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.